

Eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar 2017

Reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum (reglugerð nr. 1200/2014) tók gildi í desember árið 2014. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar frá skipum í öllum höfnum landsins, á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun skal fyrir 1. maí ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

Tafla 1: Heimsóttar hafnir árið 2017 og fjöldi frávíka

Höfn	Flokkur	Fjöldi frávíka
Akureyrarhöfn	1	2
Grenivíkurhöfn	3	1
Grimseyjarhöfn	2	1
Hjalteyrarhöfn	3	1
Hríseyjarhöfn	3	1
Svalbarðseyrarhöfn	3	1
Árskógstrandarhöfn	3	3
Dalvíkurhöfn	2	4
Hauganeshöfn	3	3
Þórshöfn	2	4
Bakkafjarðarhöfn	3	3
Húsavíkurhöfn	2	4
Kópaskershöfn	3	2
Raufarhafnarhöfn	3	4
Vopnafjarðarhöfn	1	3
Höfnin á Flatey á Skjalfanda	3	0
Samtals	16 hafnir	37 frávík

Í þeim tilvikum þar sem um hafnarsamlag eða margar hafnir í sama sveitarfélagi er að ræða, þá getur verið um sama/sömu frávík að ræða sem löguð eru í einni aðgerð.

Tafla 2: Fjöldi eftirlita og frávíka árið 2017 eftir flokkum hafna.

Stærðarflokkur	Fjöldi eftirlita	Frávík
Eitt	2	5
Tvö	4	13
Þrjú	10	19
Samtals	16	37

Ef frávík eru í eftirliti eru gerðar athugasemdir og farið fram á að úrbætur verði gerðar eða tiltekin höfn getur sent inn úrbótaáætlun, þar sem kemur fram til hvaða ráðstafana er gripið til að bæta úr í samræmi við athugasemdir og hvenær þeim aðgerðum á að vera lokið.

Umhverfisstofnun fer yfir úrbótaáætlanir þegar þær berast og samþykkir þær ef tilefni er til. Ef höfn hvorki sendir úrbótaáætlun né gerir þær úrbætur sem farið er fram á getur stofnunin gripið til úrræða sbr. 14. gr. reglugerðarinnar sbr. V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafnir með frávík hafa allar, skilað inn úrbótaáætlun eða gert þær úrbætur sem farið fram á.